

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið, námsbraut í sagnfræði.

Kennarar: Guðmundur Hálfðánarson

Vormisseri 2014

Valur Ingimundarson

Hvaða áhrif hafði iðnbyltingin, nútímavæðing og borgarmyndun á evrópskar listir og menningu?

Nemandi: Arnar Sverrisson (290451-4859)

Inngangur

Tékknesk-enski heimspekingrinn, Ernest Gellner (1925-1995), hefur látið þá skoðun í ljósi, að iðnbyltingin ásamt landbúnaðarbyltingunni um 8000 f. Kr. séu tvær mestu byltingar í sögu mannkyns. Um það leyti sem iðnbyltingin hefst og samfara, verða miklar breytingar á hinum vestræna heimi, sem oft er kölluð nývæðing. (1)

Það virðist tiltölulega óumdeilt, að bylting þessi hafi hafist í Bretlandi um miðja átjándu öldina og síðan skotið rótum á meginlandi Evrópu og Norður-Ameríku. Hins vegar gæti orkað tvímælis, hvort skynsamleg sé að kalla fyrirbærið byltingu.

Í ritgerðarkorni þessu mun ég skoða tengsl breytinga þeirra á atvinnuháttum, sem liggja til grundvallar hugtakinu, iðnbylting, og þess umróts í mannlífinu, sem í henni felst. Á þessu sama méli urðu – eins og einsætt má vera – afdrifaríkar breytingar á nær öllum sviðum samfélagsins, sem hafa haft gríðarleg áhrif á seinni tímum. Ég mun skoða listir sérstaklega með áherslu á stefnur og strauma.

Bandaríski sagnfræðingurinn, Joel Mokyr, tekur djúpt í árinna, staðhæfir, að atburðirnir í Bretlandi á sjöunda áratugi átjándu aldar hafi markað upphaf nýrrar þróunar í sögunni; viðstöðulausan hagvöxt með rætur í þekkingu, sem sífellt varð meiri að vöxtum. (2)

Þegar hefur verið drepið á nokkur hugtök; menningu, nútímavæðingu eða nývæðingu og list, en merking þeirra er ekki endilega augljós. Því ber nauðsyn til að skoða merkingu þeirra nánar. Það sama á við um inntak hugtaksins, iðnbylting, og aðdraganda hennar.

Hugtök

Efling vísinda á sautjándu og átjándu öld ólu með mönnum þá trú, að maðurinn gæti náð tókum á náttúrunni, beitt lögmálum hennar sjálfur til að beygja hana undir sig. Þessi hugsun er stundum kölluð framfarahyggja - og bætt tækni eða verkkunnátta nútímavæðing. Þessi hugsun felur einnig í sér, að vestræn samfélög, síðan á nýöld – eða frá sextándu öld til vorra daga – hafi gengið „götuna fram eftir veg,“ þróast til góðs, og hraðast eftir iðnbyltingu um miðja nítjándu öldina, en nútímavæðingin hefur fest rætur í lok Napóleonsstyrjaldanna um 1815. Þá má segja, að „franska“ tímabilinu í Evrópu sé lokið, þ.e. um tveggja alda drottunarskeiði Frakka sé lokið. Bretar taka forystu í álfunni að mörgu leyti, enda þótt París verði áfram setur lista í hinum vestræna heimi.

Tímabilið, þ.e. frá upphafi iðnbyltingar fram undir aldamótin nítján hundruð markar margs konar tímamót, m.a. með tilliti til eftirfarandi: Frjálshyggju, framfaratrúar, hagvaxtarkröfu og kröfu um stærri markaði, lýðræðis, læsis, skynsemishyggju eða skynsemistrúar, stöðlunar og afhelgunar, þ.e. að tók kirkjunnar á hugum manna, siðum og venjum minnka.

Tímasetning iðnbyltingar er þó nokkuð óljós. Byltinguna ber niður á mismunandi tímum í hinum ýmsu löndum. Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, sem er um það bil að verða mesta

iðnaðarveldi heims um miðjan seinni hluta nítjándu aldar. Á Norðurlöndum hefur hún fest sig í sessi á svipuðum tíma.

(1)Gunnar Karlsson. Upphafsskeið ..., bls. 175 – (2)Mokyr. Why Was. (3)Gustafsson. Nordens..., bls. 206.

Með hliðsjón af ofangreindu mun ég þá takmarka umfjöllun mína að mestu við átjándu og níttjándu öldina. Umfjöllunarefnið er eins og fyrr er greint, list og menning. Skoðum þau hugtök nánar.

Menningu tel ég vera heildarmynd tákna hver og eins samfélags - og þeirra viðhorfa, gilda og túlkanna, sem í þeim eru fólgin. Þannig tekur menning í raun til allra mannanna verka. Því er menning eins konar vefur sameiginlegs skilnings og merkingar í tilteknu samfélagi ellegar hópa innan þess. Menningu má einnig sundurgreina í úrvalsmenningu, þ.e. menningu þeirra, er hlotið hafa sérstaka menntun og fágun til að njóta menningar – og hafa tóm til, og svo alþýðumenningu, þ.e. menningu, sem sauðsvartur almúginn stundar og skapar. Um miðja níttjándu öldina skapaði iðn- og nývæðing fyrstu fjöldamenningu mannkynssögunnar. Í þessu ritgerðarkorni mun ég einbeita mér að því, hvernig menningin sem slík birtist í listinni. Erindið er ærið samt. Þá er það listin.

Listhugtakið í evrópskri menningu fékk á sig samtímabrag (ljóðlist, málalartist, höggmyndalist, byggingarlist og tónlist) um miðja átjándu öldina, upplýsingaöldina, eða einmitt um það leyti, sem iðnaðarbyltingin hefst. Í fornöld var vart gerður greinarmunur á handið og list, nema ef til vill skáldskap, sem var talin lista æðstur, og hugsanlega málun. Þær voru aðgreindar frá nytjalistum. Fegurð var upphaflega ekki gagnert tengd listum. Hinir fögru og góðu síðir voru í brennidepli. Aristóteles flokkaði list til tæknivits (techne) eða verksvits. Hann virðist hafa haft sérstakt dálæti á skáldskapnum, því hann segir: „Skáldskapurinn er heimspekilegri og æðri en öll sagnfræði“ (4) Vel kann að vera, að hinum mikla spekingi hafi rekist rétt orð á munn. Engu að síður og af sömu ástæðum og áður eru tilgreindar, mun ég í aðalatriðum halda mig við málalartistina.

Hugsanlega kynni Halldór Kiljan Laxness að hafa samsinnt Aristótelesi í þessu efni. Engu að síður lítur hann öðrum augum á silfrið:

„Lög listarinnar eiga ekki skylt við lög náttúrunnar, heldur eru einsog öll siðmenníng, undirokun náttúrunnar. Listamaðurinn hefur konúnglega afstöðu gagnvart veruleikanum, notar hann sem eign sína eftir vild, en veruleikinn verður að beygja sig undir þau lögmál sem listamaðurinn setur verki sínu. Málalinn málalari ekki náttúruna, heldur samband sitt við heiminn. Hann líkir ekki eftir náttúrunni, heldur skapar heim; sinn heim.““ (5)

Áhrif iðnvæðingar

Iðnbyltingin elur óhjákvæmilega af sér byltingu félagsgerðar bændasamfélags miðalda. Auðvaldssamfélagið kemur nú til sögu. Það einkennist m.a. af lýðræði (þingræði) og sterku ríkisvaldi. Iðnaðurinn veldur straumhvörfum í atvinnulífi, enda þótt flestir hafi beint eða óbeint starfað við landbúnað fyrstu áratugina á ofanverðri átjándu öld og vel fram á níttjándu öldina. Verksmiðjurnar breyta vinnuumhverfi og fjölskyldulífi – meira að segja eðli vinnunnar – samgöngur batna gríðarlega, menntun eykst og verður skylda. Þéttbýli, bæir og borgar, vaxa ört. Ný verkaskipting ryður sér til rúms; tækni, vísindum og verkunnáttu fleygir fram – og heimurinn „minskar“ með auknu flæði þekkingar, meiri samskipta og betri samgangna. Bandaríki Norður-Ameríku, Rússar og Bretar kveðja sér í auknum mæli hljóðs á sviði heimsmála, og í kjölfarið fylgja Þýskaland, Kína, Indland og fl. Hnattvæðinguna má sjá í hillungum.

(4) Magee. Saga..., bls. 38 – (5) Halldór. Halldór ævisaga ..., bls. 473.

Franska byltingin

Samfélagsþróunin í Englandi og Frakklandi varð harla ólík og afdrifarík bæði fyrir breska þjóð og franska – raunar fyrir flestar þjóðir heims. Hin franska þjóð, einhver mesta menningarþjóð heims á miðöldum, kastar sér út á hyldýpi blóðugrar stéttabyltingar með tilheyrandi umróti, upplausn, dauða, hryllings og alls konar skollaleikja í stjórnámálum og eyðileggingar atvinnuveganna. Á meðan fitna Bretar eins og púkar á fjósbita og grípa forystuna fyrir ríkjum Evrópu í atvinnuháttum, menningu og listum, sem Napóleon síðar reyndi að hrifsa til sín aftur eftir tæpa tvo áratugi, þegar hann fór með eldibrandi um gjörvalla Evrópu. Trúlega hafa áhrif stýrjaldanna ekki haft síður áhrif á listir og menningu en tæknivæðing sú, sem Bretar fluttu út á nítjándu öldinni. Allavega breyttist yrkisefnið. Goð, englar, helgir menn og ýmis konar valdsmenn tröllriðu málverkinu. En byltingin opnaði allar gáttir í þessu tilliti. (6)

Í frönsku byltingunni má segja, að söguhyggja haldi (á ný) innreið sína í málalalistina. Listbragðið var fornt, en yrkisefnið að sjálfsögðu nýtt. Innblástur hefur hugsanlega komið frá hinum norður-ameríska málara, John Singleton Copley (1737-1815). Hann hafði nýlokið sögulegri myndfrásögn af viðureign Karls fyrsta við þingið.

Franska byltingin varð mikill aflvaki slíkrar söguhyggju og málverka af hetjudáðum. ... Fremstur nýklassískra listamanna var málari Jacques-Louis David (1748-1825). Hann var „opinber listamaður“ byltingarstjórnarinnar og teiknaði búninga og leiktjöld fyrir árróðurhátíðir á borð við „Hátíð hinnar hæstu veru“, þar sem Robespierre þjónaði sem sjálfskipaður ædstiprestur. (7)

List, völd og hagsmunir

Stór list um miðja nítjándu öldina sækir enn yrkisefni sitt til trúar, sögu eða goðasagna og listbragðið er enn sótt til rómverskra eða grískra snillinga. Listin virtist enn vera áhugaefni tiltölulega fámenns úrvalshóps. Listin var enn sem fyrr úrvalshópsins. Skrifllinn var að miklu leyti afskiptur. (8)

En slíkt ástand braut eiginlega í bága við áherslu upplýsingarmanna um menntun. Alþýðan ætti að verða læs á myndlist rétt eins og ritlist. Í því skyni að mennta alþýðuna komu auðmenn á laggirnar listasöfnum. Slík góðgerðastarfsemi setti mark sitt á öldina, en þó miklu fremur félagslegt ranglæti hennar. (9) Eins og áður er ýjað að, taka nú Bretar forystu í listinni. Breskar stofnanir og breskur smekkur varð að fyrirmynd allra Evrópubúa.

Áður voru það einkum kirkjan, konungar og furstar, sem veittu listamönnum brautargengi. Nú komu hins vegar til sögunnar auðjöfrar eða iðnaðarfurstar. Að vísu dældi Napóleon III ómældu fjármagni í hönnun og list til að lyfta ásýnd Parísar og efla listina. En taflinu var engu að síður snúið. Auðjöfrar höfðu nú listina og þróun hennar meira eða minna í höndum sér. Til dæmis gerðist danski bjórkonungurinn, J.C. Jacobsen verndari listanna. Hann lagði gjörva hönd á plóg við Þjóðsögusafn Dana, staðsett í Friðriksborgarhöll. Og þegar hún brann til kaldra kola, lét karl sig ekki muna um að endurreisa hana fyrir eigið fé. (10)

Eiginlegur markaður hafði smám saman styrkst á listasviðinu eins og á öðrum sviðum

(6)Gombrich. Saga..., bls. 481. – (7)Sama rit, bls. 485. – (8)Sama rit, bls. 470. – (9)Sama rit, bls. 470. – (10)Gustafsson. Nordens..., bls. 185.

mannlífsins. Auðmenn og, eftir atvikum, almenningur, leitaði nú á þennan markað, sem stjórnaðist af ráðandi viðhorfum um listina – og auðlýsingu auðvitað – sem oft og tíðum fékkst með útstillingum í sýningaröllum listamanna og bakhjarla þeirra. Viðmiðunin var eins og áður sagði, hin forna list bæði að listbragði og yrkisefni. Sumum var útskúfað. (11)

Hagsmunaárekstrar, riðlun stétta, togstreita, ný þekking og markaður virðast hafa stuðlað að öflugri listsköpunarhreyfingu – eða var það bylting? Það skulum við nú skoða nánar.

Staða lista á átjándu og nítjándu öldinni: Stefnur og straumar

Boðskapurinn í list barokklistamannanna í hinni kaþólsku Evrópu á ofanverðri sautjándu öld eða öllu heldur vinnuveitenda þeirra – kirkjuvaldi og veraldlegu valdi – var, að til dýrðar Drottni vorum væru engin mannanna verk nógu skrautleg, mikilfengleg eða glæsileg. Og sjálfgefið var raunar, að fyrrgreindir valdhafar, sem þáðu vald sitt einmitt frá þessum eina og sanna guði, skópu honum og sjálfum sér slík minnismarki; kirkjur, hallir, málverk, ritverk, dansverk, leikverk og tónverk. Þetta hlaut almúginn að skilja. (12)

Barokk var hinn umlykjandi listarfur listamanna við iðnbyltingu. Listamenn unnu með mismunandi hætti úr þessum arfi og þeim áhrifum ámannlífið, sem iðnbyltingin óhjákvæmilega hafði. Listamennirnir stefndu út og suður, svo að erfitt er að henda reiður á stefnunum. Lítum fyrst til vöggju byltingarinnar, Englands, sem fram að byltingu hafði átt fáa málara, sem jöfnuðust á við hinu miklu ítölsku, frönsku, spænsku og hollensku meistara. Ensk alþýða sýndi listinni fálæti.

Þessu vildi William Hogarth (1687-1764), bæta úr og jafnframt auðsýna eigið ágæti:

Honum þótti eigin málverk jafn góð hinum sem keypt voru dýrum dómum í útlöndum en vissi jafnframt að þjóð hans skorti áhuga á samtíma list. Hann ákvað því að skapa nýja tegund málralistar sem sigrast gæti á fálætinu.....finna list sinni augljósan tilgang. Hann málaði þess vegna nokkur málverk sem áttu að sýna mönnum laun dyggða og gjöld synda. Því fór fjarri að svona list væri eins nýstárleg og málarinn vildi vera láta. Við vitum að á miðöldum var myndlist notuð til að innræta mönnum guðstrú og góða siði og slíkur mynda boðskapur lifði góðu lífi í alþýðulist allt til daga Hogarths. Svæsnar grafíkmyndir voru seldar á markaðstorgum en þær sýnu örlög drykkjurúta og spilafífla og leirskál seldu þessa með áþekkingu dæmisögum. Hogarth var þó enginn alþýðulistamaður í þeim skilningi. (13)

Hogarth virðist þó hafa gefið innblástur til hreyfingar, sem kennd er við félagslegt raunsæi og gerði að yrkisefni sínu bágar aðstæður og kjör þeirra, sem minna máttu sín. Jafnframt urðu til nýir miðlar, sem fluttu boðskap listamannanna eins og the Illustrated News (1842), Illustrated Times (1860) og Graphic (1869). Í þessum hópi listamanna í Lundúnum voru útlendingar eins og Frakkarnir French Gustave Doré (1832-1883) Alphonse Legros (1837-1911) En Bretarnir þrír; Frank Holl (1845-1888), Luke Fields (1844-1927) og Hubert von Herkomer (1849-1914), voru í fararbroddi. (14)

(11) Gombrich. Saga..., bls. 481. – (12) Engelstad. Interart..., bls.63.- (13) Gombrich. Saga ..., bls. 290. – (14) Johnson, Art..., bls. 608.

En rithöfundar, engu síður en teiknarar og málarar, höfðu horn í síðu iðnbyltingarinnar eða þeirrar þróunar, sem hún ýtti úr vör.

„From the beginning, the industrial revolution in Britain had its critics. Among the first were the romantic poets. William Blake (1757-1827) called the early factories „satanic mills“ and protested against the hard life of the London poor. William Wordsworth (1770-1850) lamented the destruction of the rural way of life and the pollution of the land and water.“ (15)

Þegar um aldamótin átján hundruð reyndu listamenn að beina athyglinni að skuggahliðum iðnbyltingar og nývæðingar. En sumir eins og t.d. Joseph Mallord William Turner (1775-1851), sem reyndar hefur stundum verið kallaður listamaður hennar öðrum fremur, gátu með ákveðnum hætti fært sér hana í nyt. Tækninýjungar við vöruþróun og framleiðslu færðu honum t.d. vandaðri og ódýrari vinnugögn og efni. Iðnbyltingin ljáði honum auk þess myndefni. Turner tókst að samvinna fyrirbæri náttúru og iðnaðar og miðla í stórkostlegum listaverkum. En það var ekki síður viðskiptaandi iðnbyltingar og auðvaldssamfélags en yrkisefnið, sem hreif hann. Turner var eitilharður í viðskiptum og safnaði í bauk. Hann lést vellauðugur. Turner átti það sameiginlegt mörgum iðnjöfrum og uppfinningum að hafa vaxið af eigin ágæti. Iðni hans var viðbrugðið. Talið er, að hann hafi látið eftir sig í námuna við 21.000 málverk og teikningar. (16)

Iðnbyltingin og hið nýja samfélag höfðu öðruvísi áhrif á franska málarann, Marcel Duchamp. Í frægu verki sínu frá 1912, reynir hann að töfra fram hreyfingu í keilulega og sívölum flötum í nakinni mannveru, sem gengur niður stiga (nu descendant un escalier). Væntanlega er hér um að ræða einhvers konar vélmenni, sem er gjörseyytt mannlegum eigindum og mátti sem hægast fjöldaframleiða eins og aðra list um þær mundir. Það er tilfinningalega tóm. En þetta tóm gerðu listamenn og heimspekingar og sálfræðingar raunar einnig, að umfjöllunarefni sínu í síauknum mæli. Var fólk að tillíkjust vélunum?

Á listasviðinu urðu til – eins og áður sagði – alls konar stefnur og straumar. Listamenn í rókókóanda milduðu hina yfirgengilegu skrautgirnir starfsbræðra og –systra á barokktímabilinu, listamenn og heimspekingar leituðu á vit náttúrunnar. Í málalílistinni gat leitin orðið býsna sköndin. T.d. tók hópur eða bræðralag ungra, breskra myndlistarmanna, að dýrka ítölsku meistaranna, sem lifðu og hrærdust, áður en Rafael gerði garðinn frægan, þ.e. á endurreisnartíma. Þeir töldu ítölsku snillinganna í nánara sambandi við náttúruna. Þannig var fornhyggja óbeint endurvakin í málalílistinni – en líklega hafði hún þó varla nokkru sinni gefið upp öndina.

Rómantíska stefnan eða óskhyggjustefnan – hugsun, mótuð af draumórum og angurværð – var komin til sögu. Hún náði til margra sviða mannlífsins. „The Romantic movement was the central fact of art for most of the nineteenth century but it was not a simple phenomenon. It had three main ingredients: religion, nationalism and literature, all interconnected.“ (17)

Í anda upplýsingar og framfarahugsunar höfðu forkólfar iðnbyltingarinnar gert sér far um að stjórna náttúrunni og skapa manngert umhverfi í miklu meira mæli, en áður hafði þekkt. Listamenn gerðu nú kröfu um, að eðli manns og lögmál náttúrunnar væru virt og samband við hana ræktað. Jafnframt var sú krafa gerð til listamannsins, að hann skilaði sínu verki með sóma. Hamlað skyldi ofríki skynseminnar og tilfinningarnar látnar ráða. Nú skyldi kafa undir yfirborðið og færa sannleikann í sviðsljósið. En listamaður draumóranna skyldi einnig verða

(15)McKey. A History..., bls. 702. – (16)Johnson. Art..., bls. 508-513. – (17)Sama rit, bls. 523.

eins konar spámaður, sem kæmi sambandi á millum hins guðdómlega og sauðsvarts almúgans.

Romantikken mener at den moderne, menneskeskapt sivilisasjonen har ödelagt den viktige forbindelsen mellom menneske og natur. I stedet for å underlegge seg naturen må menneskene begynne å rette seg etter den. Naturen må bli norm for samfunnsutvikling, for kunst og kultur. „Tilbake til naturen,“ hadde den franske forfatteren Rousseau sagt allerede omkring 1750. Og med naturen mente han ikke bare den konkrete naturen som omgir oss, men også det naturlige, det opprinnelige....I romantikken er kunstneren ikke lenger bare en dyktig utøver, han er også profet. Hans kall er å formidle kontakt mellom det guddommelige og alle vanlige mennesker som ikke er i stand til å oppleve åpenbaringer eller visjoner. (18)

Draumórástefnan var tvíhöfða þurs, stundum kennd við hægri og vinstri. Hreyfingin til vinstri leggur áherslu á frelsisbaráttu, hliðstæðu þeirrar, sem átti sér stað undir frönsku byltingunni. Þjóðernishugsun og sjálfstæði smáþjóða komst hér eftirminnilega á dagskrá. Hin gullvængjaða þjóðernisstefna er þar með fædd:

Venstreromantikken er inspirert av den franske revolusjonen og engasjerer seg sterkt i de mange frigjøringskampene utover på 1800-tallet, der små land kjemper for sin selvstendighet. Bak dette kravet om frihet ligger en romantisk idé om at selv den minste nasjon har krav på selvstyre, sitt eget språk, sin egen kultur.

Nasjonalromantikken er en retning som på en måte kombinerer de to romantikktypene vi har besrket, både den revolusjonere frigjøringsromantikken og den fortidsfokuserte romantikken, der folkets historie og gamle kultur blir trukket fram ... (19)

Draumóramenn á hægri væng aðhylltust umfram allt friðsamlegt afturhvarf til náttúrunnar, til hins upprunalega, fagra og sanna. En eins og gefur að skilja komu viðbrögð við draumórástefnunni eins og öllum hinum. Raunhyggja eða raunsæi var mikilvægur andófsstraumur upp úr miðri nítjándu öldinni. Nú var áhersla lögð á hið raunsanna og oftast á hið alþýðlega. Meðal raunsæismanna heyrðust einnig sterkar gagnrýnisraddir. Skuggahliðar iðnbyltingarinnar komu sífellt betur í ljós; græðgi, mismunun, mengun og firring. Enn á ný skyldi listin vera hlutlæg, en um leið upplýsandi og fræðandi. Andi upplýsingar og vísindahyggju sveif enn yfir vötnum. Myndlistamenn sóttu yrkisefni sitt til lífs almúgans til sjávar og sveita og leituðust jafnframt við að sniðganga markaðslögmálin. (20) Franskur málari fór þar í fararbroddi:

„Málarinn sem gaf þessari stefnu nafn hét Gustave Courbet (1819-1877). Sýning í París La Réalisme (raunsæi). „Ég vona,“ skrifaði hann árið 1854 í bréfi sem var dæmigert fyrir hann, „að mér auðnist alltaf af lifa af list minni án þess að neyðast til að hvika hársbreidd frá skoðunum mínum eða svíkja samvisku mína eitt augnablik, án þess að þurfa að mála svo mikið sem lófastóran blett til þess eins að falla einhverjum í geð eða selja betur.“ (21)

(18)Engelstad. Interart..., bls. 77. – (19)Sama rit, bls. 78-79. – (20)Sama rit, bls. 99-100. – (21)Gombrich. Saga..., bls. 511)

Samstiga Courbet var landi hans, Jean-Francois Millet (1814-185), sem frægur varð einmitt fyrir að skoða náttúruna og mannlífið á ferskan hátt. Rómuð er mynd hans af þrem konum að vinna á akri. Spænski snillingurinn, Fransisco Goya (1746-1828), samtímamaður Courbets, en heldur eldri, fór aðra, en þó að sumu leyti hliðstæða leið. Yrkisefnið sótti hann m.a. í hörmungar mannlífsins, t.d. skelfingar þær, er herir Napóleons sköpuðu í Madrid. En hann þáði líka fé úr útréttum lófa aðalsins. En vann Goya með þessu gegn aðalsmönnum? „Hann opinberaði allan héggómleika þeirra og úrkynjun, græðgi þeirra og heimsku. ... Enginn hirðmálari, hvorki fyrr né síðar, lét eftir sig aðrar eins heimildir um verndara sína.“ (22)

Niðurlag:

Það er varla blöðum um það að fletta, að iðnbyltingin hafði geysileg áhrif á listir og menningu samtímans, hristi á átjándu og níttjándu öld hressilega upp í listamönnum og listunnendum. Listin losnaði úr greipum Guðs og fulltrúa hans á jörð og síðar úr greipum aflíðinna snillinga fornaldar, án þess að glutrað væri niður því – á sviði myndlistar sérstaklega – sem áunnist hafði. Listin varð í fyrsta sinn róttækt baráttutæki hins kúgaða fjölda, sem á miðöldum hafði mátt þola aðli og yfirdrottnurum ýmis konar yfirgang. Lýðum varð ljóst, að listin laut að hluta til lögmálum framboðs og eftirspurnar, var markaðsvara. En andi listamanna varð ekki taminn. Þó að margir hafi fylgt meginstraumi listarinnar, sem hafði tryggt stuðning veigamestu hagsmunaaflanna, fóru margir eigin leiðir – enda var nú lag. Listamenn tókust ekki einungis á við umhverfi sitt, heldur sjálfa sig einnig. Margir þeirra komu Jóni og Gunnu fyrir sjónir sem skondnir og skringilegir. Aðrir fengju geðveikiseinkunn. En hugsanlega hafa einmitt þeir skapað mestu listina, list sem vekur fólk af dvala, yfir tilfinningar og hvetur til gagnrýnninnar hugsunar og vitundarvakningar. Þar skilur einmitt á milli bjöllusauða og manna.

Ég hlýt að taka undir með heimspekingnum, Karli Popper, að þróun listar á umræddu tímabili skýrist helst af lögmáli hinna ófyrirséðu afleiðinga (the law of unintended consequences). (23)

Heimildir

Engelstad, Arne. *Interart: Gjennom epokene med litteratur, bildekunst og musikk*. (Björgvin: Fagbokforlaget 2000).

Gunnar Karlsson. „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874.“ Ritsjórar Sigurðar Líndal og Pétur Hrafn Árnason. *Saga Íslands IX*. (Rvk: Hib. 2008), bls. 167-376.

Gombrich, E.H. *Saga listarinnar*. Þýðandi Halldór Björn Runólfsson. (Rvk: M&M 1997).

Gustafsson, H. *Nordens historia. En europeisk region under 1200 år*. (Stockholm: Studentlitteratur 2007).

Halldór Guðmundsson. *Halldór Kiljan Laxness. Ævisaga*. (Rvk: SPV 2004).

Johnson, Paul. *Art: A New History*. (London: Weidenfeld & Nicolson 2003).

Magee, Bryan. *Saga heimspekinnar*. (Rvk: M&M 2002.)

McKay, J.P. og fl. *A History of World Societies*. (Boston: Bedford/St. Martins 2012).

Mokyr, Joel. „Why Was the Industrial Revolution a European Phenomenon.“ (Chicago: Chicago Journals 2003), <http://www.jstor.org/stable/1147137>.

Palmer, R.R. *A History of the Modern World*. (New York: McGraw Hill 2007).